

Mál nr. 328/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nöfn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis : (A) og (B)

Bótauppgjör. Frávísun.

Gögn.

1. Málskot móttakið 9. september 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 29. september 2025.
3. Ódagsettar viðbótarathugasemdir M.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M á bótarétt úr ábyrgðartryggingu ökutækisins A sem tryggt var hjá V, vega afleiðinga slyss 22. desember 2022. Þá liggur einnig fyrir að M hefur fengið greiddar bætur reiknaðar á grundvelli skaðabótalaga nr. 50/10993 samanber niðurstöður í fyrirliggjandi matsgerð. Tekið var við þeim bótum fyrir hönd M, m.a. með fyrirvara um árslaunaviðmið skv. 7. gr. skaðabótalaga. Málskot M snýr að ákvörðun þeirra árslauna sem M telur að eigi að leggja til grundvallar uppgjóri. Byggir M nánar til tekið á því að þar eigi að styðjast við 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga en ekki 3. mgr. 7. gr. eins og raunin var við uppgjörið. Því er ljóst að ágreiningurinn snýr að umfangi tjóns og þar með að fjárhæð bóta. Í málskoti færir M frekari rök máli sínu til stuðnings.

Í athugasemdum V, dags. 29. september 2025, er þess krafist að málinu verði vísað frá nefndinni. Máli sínu til stuðnings vísar V til 2. og 3. gr. samþykktu fyrir nefndina og færir ítarleg rök fyrir frávísunarkröfu sinni. Þá bendir V t.d. á að ágreiningur þessa máls snúist um bótauppgjörið sjálft, þ.e. tekjuviðmið það sem var lagt til grundvallar uppgjóri sem aftur hafi bein áhrif á fjárhæð bóta fyrir varanlega örorku. Þegar svo hátti til þurfi samþykki tryggingafélagsins að leggja fyrir svo úrskurðarnefnd í váttryggingamálum geti úrskurðað um ágreininginn, sbr. ákvæði 3. mgr. 3. gr. í samþykktum fyrir nefndina. V samþykki ekki að ágreiningur um hvaða tekjuviðmið beri að leggja til grundvallar við útreikning á varanlegri örorku samkvæmt skaðabótalögum nr. 50/1993 verði tekinn til úrskurðar hjá nefndinni.

Í ódagsettum viðbótarathugasemdum M, eru færð frekari rök fyrir kröfum M og gerðar athugasemdir við framangreind rök V.

Álit:

Í 3. mgr. 3. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefndina segir um starfssvið nefndarinnar „Nefndin fjallar um ágreining varðandi fjárhæðir milli málskotsaðila og varnaraðila að fengnu samþykki varnaraðila. Neytanda er þó heimilt án samþykkis að skjóta til nefndarinnar ágreiningi um fjárhæðir vegna váttryggingarsamnings milli hans og varnaraðila, enda nemi ágreiningur að lágmarki kr. 25.000 og að hámarki kr. 5.000.000.“

Í máli þessu er um að ræða kröfu M sem byggir á bótarétti úr ábyrgðartryggingu ökutækisins A. A var á slyssdegi 22. desember 2022 ekið gegn biðskyldu inn í hlið ökutækisins B sem M ók. M fékk því greiddar bætur úr ábyrgðartryggingu ökutækisins A sem var váttryggt hjá V. Bótaréttur M byggir því ekki á váttryggingarsamningi milli hennar og V sbr. framangreint orðalag 3. mgr. 3. gr. samþykktu fyrir nefndina. Þar sem ágreiningefni það sem hér er undir snýr að fjárhæð bóta er það skilyrði sett í samþykktunum að jafnvel þó um sé að ræða fjárhæð yfir kr. 25.000 og undir kr. 5.000.000 þurfi viðbótaraskilyrðið um að um sé að ræða ágreining um fjárhæðir vegna váttryggingarsamnings milli M og V einnig að vera uppfyllt sem ekki er raunin í þessu máli enda byggir bótaréttur M eins og áður kom fram á skaðabótaábyrgð ökumanns A. Ber því samkvæmt b.-lið 1. mgr. 4. gr. sbr. 3. mgr. 3. gr. samþykktu úrskurðarnefndar í váttryggingamálum, að vísa máli þessu frá.

Niðurstaða.

Máli þessu er vísað frá úrskurðarnefnd í vátryggingamálum.

Reykjavík, 16. desember 2025.

rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Guðmundur Stefán Martinsson